



Tengsl ofurábyrgðarkenndar og hvatvísi við árattu og þráhyggju

Ólöf Edda Guðjónsdóttir

Vaka Önnudóttir

**B.S. ritgerð
Háskóli Íslands
Sálfræðideild
Heilbrigðisvísindasvið**



HÁSKÓLI ÍSLANDS

Tengsl ofurábyrgðarkenndar og hvatvísi við árattu og þráhyggju

Ólöf Edda Guðjónsdóttir
Vaka Önnudóttir

B.S. í sálfræði
Leiðbeinandi: Jakob Smári

Sálfræðideild
Heilbrigðisvísindasvið Háskóla Íslands
Júní 2010

Ritgerð þessi er til BS í sálfræði og er óheimilt að afrita ritgerðina á nokkurn hátt nema með leyfi rétthafa.

© Ólöf Edda Guðjónsdóttir og Vaka Önnudóttir 2010

Prentun: Háskólaprent ehf.

Reykjavík, Ísland 2010

Efnisyfirlit

Efnisyfirlit	4
Útdráttur.....	5
Inngangur	5
Áráttu og þráhyggja	6
Einkenni áráttu og þráhyggju	6
Tíðni áráttu og þráhyggju	9
Kenningar um áráttu og þráhyggju	10
Hugrænar kenningar um áráttu og þráhyggju	11
Hvatvísi og tengsl við áráttu og þráhyggju	15
Víxlverkunaráhrif ofurábyrgðarkenndar og hvatvísi með tilliti til áráttu- og þráhyggjueinkenna	19
Markmið rannsóknar og tilgátur.....	20
Aðferð	20
Þátttakendur	20
Mælitæki.....	21
Rannsóknarsnið	22
Framkvæmd	22
Gagnagreining.....	23
Niðurstöður	23
Lýsandi tölfræði.....	23
Tengsl ofurábyrgðarkenndar við áráttu og þráhyggju.....	25
Tengsl hvatvísi við áráttu og þráhyggju.....	25
Samverkun ofurábyrgðarkenndar og hvatvísi í tengslum við áráttu og þráhyggju	26
Umræða.....	28
Heimildir.....	31
Viðauki A.....	36
Þráhyggja er skilgreind sem:	36
Áráttu er skilgreind sem:	36
Viðauki B	37

Tilgangur rannsóknarinnar var að athuga bein tengsl ofurábyrgðarkenndar og árátta- og þráhyggjueinkenna, bein tengsl hvatvísi og árátta- og þráhyggjueinkenna og svo að lokum að athuga víxlverkun þessara þátta í tengslum við árátta- og þráhyggjueinkenni. Meginmarkmið þessarar rannsóknar var fyrst og fremst að afla frekari stuðnings við fyrri niðurstöður um tengsl samverkunar ofurábyrgðarkenndar og hvatvísi við árátta og þráhyggju og prófa hvort að þær kæmu fram með notkun annarra mælitækja. Voru fimm spurningalistar lagðir fyrir 150 nemendur við Háskóla Íslands. Einnig var notast við gögn frá annarri rannsókn sem notaði sömu próf og voru þátttakendur þar 150 talsins. 39,3% þátttakenda voru karlar og 57,7% voru konur, 3% gáfu ekki upp kyn. Mælitækin sem notuð voru við rannsóknina voru árátta- og þráhyggjupróf, ofurábyrgðarkenndarpróf, hvatvísikvarði og kvarði varðandi hugmyndir um ábyrgð. Helstu niðurstöður rannsóknarinnar voru þær að bein tengsl voru á milli ofurábyrgðarkenndar og árátta- og þráhyggjueinkenna, bein tengsl voru á milli hvatvísi og árátta og þráhyggju en ekki komu fram marktækar niðurstöður á samverkun ofurábyrgðarkenndar og hvatvísi hvað varðar árátta- og þráhyggjueinkenni. Niðurstöður eru í samræmi við aðrar rannsóknir á þessu sviði nema ekki kom fram samverkun ofurábyrgðarkenndar og hvatvísi með tilliti til árátta- og þráhyggjueinkenna eins og búist var við.

Öll upplifum við á einhverjum tímamarki óþægilegar hugsanir sem við viljum losna við. Svo dæmi sé tekið, þá hafa margar mæður hugsað um að meiða börnin sín eða ímynda sér að eitthvað slæmt komi fyrir þau. Meðal þess sem aðskilur fólk með árátta og þráhyggju frá öðrum er að það á í miklum erfiðleikum með að stjórna hugsunum sínum. Það að geta ekki stjórnað hugsunum veldur fólki kvíða og óþægindum (Barlow, 2002). Árátta- og þráhyggjuröskun er mjög alvarleg geðröskun sem hefur áhrif á allar hliðar í lífi fólks sem þjáist af henni. Margar kenningar hafa komið fram um orsök árátta og þráhyggju, því einkenni eru margvísleg og einkenna mynstur hjá einstaklingum eru fjölbreytt. Í þessari rannsókn voru athuguð tengsl árátta og þráhyggju við ofurábyrgðarkennd og hvatvísi. Þetta samband hefur áður verið rannsakað af Smára, Bouranel og Eiðsdóttur (2008). Niðurstöður þeirra sýndu bein tengsl hvatvísi og ofurábyrgðarkenndar við árátta og þráhyggju. Einnig hefur verið sýnt fram á samvirkni þeirra á milli (Snorrason, Smári og Ólafsson, í prentun). Í þessari rannsókn voru sömu tengsl könnuð, þó með öðrum mælitækjum.

Vonast var til að geta stutt fyrri rannsóknarniðurstöður og færa með því meiri vissu fyrir að samvirkni ofurábyrgðarkenndar og hvatvísi með tilliti til árattu og þráhyggju.

Árátta og þráhyggja

Einkenni árattu og þráhyggju

Árátta og þráhyggja er flokkuð sem kvíðaröskun samkvæmt skilgreiningu greiningarkerfis ameríska geðlæknafélagsins, en aðskilur sig frá öðrum kvíðaröskunum á margan hátt (American Psychiatric Association, 2000). Til þess að greinast með árattu- og þráhyggjuröskun þurfa einstaklingar að uppfylla viss skilyrði; þráhugsanir og árattuhegðun verður að valda fólki uppnámi, eiga sér stað í lengri tíma (meira en klukkustund á dag) eða hafa mikil áhrif á daglegar venjur fólks, eins og vinnu, nám, félagsstarf eða mikilvæg sambönd. Viðkomandi þarf að telja einkennin að einhverju leyti vera óhófleg eða óraunhæf. Einnig mega þráhugsanir og árattuhegðun ekki vera af völdum lyfja eða annarra vímuefandi efna (sjá viðauka A). Ef einstaklingur er greindur með aðra geðröskun á ási eitt í DSM greiningakerfinu þá verður sú röskun að vera alveg ótengd árattu- og þráhyggjueinkennum. Sem dæmi má nefna fólk sem greinst hefur með geðklofa á það til fá þráhyggjuhugsanir en það sem greinir á milli þráhugsana þess og fólks sem er með árattu- og þráhyggjuröskun, er að það telur hugsanir sínar vera raunverulegar og telur oft að þessar hugsanir séu settar í huga þess af öðrum (APA, 2000).

Þráhyggja er skilgreind sem endurteknar og stöðugar hugsanir, hvatir eða ímyndir sem fólk finnur fyrir á einhverjum tímapunkti og eru í andstöðu við skynjun fólks á sjálfu sér (*ego-dystonic*). Þessi þráhyggja veldur því óþægindum, er ágeng og óviðeigandi og veldur fólki kvíða og uppnámi. Árátta er skilgreind sem endurtekin hegðun, eins og að þvo sér oft um hendurnar eða huglægar aðgerðir, biðja eða telja, sem fólki finnst það verða að framkalla til þess að draga úr þeim kvíða sem þráhyggjan veldur því. Fólk telur sig þurfa að framkvæma þessa hegðun eða huglægu aðgerðir til þess koma í veg fyrir að ákveðnar atburðir gerist og einnig til þess að minnka óþægindi sem valda því kvíða. Áráttuhegðunar mynstur birtist sem óhófleg framkvæmd tiltekinnar hegðunar

eða sem óraunhæft hugsunarmynstur samanborið við venjulegar athafnir (Barlow, 2002; Clark, 2004).

Rannsóknir hafa verið gerðar á því hvernig fólk bregst við ef það fær ekki að framkvæma áráttu hegðun sína. Það hefur komið í ljós að ef fólk fær ekki að framkvæma áráttu hegðun sína eins og að þvo sér, þá eykst kvíði þess og óþægindi til muna. Um leið og fólk fékk tækifæri til þess að framkvæma áráttu hegðun sína þá minnkaði kvíðinn og óþægindin nánast samstundis (Rachman og Hodgson, 1980). Í kjölfar þessara rannsókna kom fram atferlismeðferð sem þekkt er undir nafninu berskjöldun með svarhömlun (*ERP*). Í þessari meðferð er fólki sýnt áreiti sem vekur upp áráttu viðbragð líkt og endurtekinn handþvottur, en í stað þess að framkvæma viðbragðið þá er því veitt aðstoð til þess að kljást við þráhyggju sína án þess að notast við forðunar viðbragð eða að framkvæma áráttu hegðun (Salkovskis, 1996a).

Einkennin sem fólk sýnir sem þjáist af áráttu og þráhyggju eru mjög breytileg eftir einstaklingum. Tveir aðilar sem greindir eru með áráttu og þráhyggju geta sýnt mjög ólík einkennamynstur. Sumir sýna þvottaáráttu á meðan aðrir sýna söfnunaráráttu en einnig er hægt að sýna bæði þessi einkenni á sama tíma (Leckman, Grice, Bordman, Zhang, Vitale, Bondi o.fl., 1997).

Flestir af þeim sem greindir eru með áráttu og þráhyggju gera sér grein fyrir því að hegðun þeirra er yfirdrifin og óraunhæf. Fólk sem misst hefur stjórn á rökhusun varðandi hræðslu sína er talið hafa lélega innsýn á umhverfi sitt. Léleg innsýn er einkenni sem bætt var inn í DSM-IV sem undirflokkur áráttu- og þráhyggjuröskunar. Einkennið lýsir sér þannig að fólk með áráttu og þráhyggju ofmetur líkurnar á því að þráhyggjueinkenni þess séu raunveruleg. Kona sem telur sig geta smitað börn sín af krabbameini með snertingu einni, vegna þess að læknavísindin hafa ekki sýnt fram á að slíkt sé ómögulegt, er dæmi um lélega innsýn hjá fólki. Rannsóknir hafa sýnt að fólk með áráttu- og þráhyggjuröskun er mjög ólíkt þegar kemur að innsýn þess (Foa og Kozak, 1995).

Til þess að greinast með áráttu og þráhyggju verður sá er í hlut á að gera sér grein fyrir því að þær hugsanir sem hann upplifir eru tilkomnar hjá honum sjálfum en ekki komið fyrir í huga hans af öðrum. Þetta greiningarviðmið er mikilvægt vegna rangra greininga áður fyrr, þar sem fólk með áráttu og þráhyggju var til dæmis oft greint með geðklofa. Það getur þó komið fyrir að fólk

þjáist samtímis af ofangreindu (Barlow, 2002). Rannsóknir sýna að áráttuhegðun og þráhugsanir eiga oft samleið. Skaðlegar/trúarlegar/kynferðislegar þráhugsanir tengjast oft sífelldum athugunum og trúarsíðum. Þráhugsanir tengdar því að mengast á einhvern hátt birtast oft í áráttuhegðun líkt og þeirri að þvo sér endurtekið. Þráhugsanir um að hlutir í umhverfi verði að vera í samræmi, vera í ákveðinni röð eða stillt upp á ákveðinn hátt, tengjast oft áráttuhegðun á borð við talningu, endurteknar aðgerðir eða að skoða endurtekið einhvern ákveðinn hlut. Söfnunarárátta (*hoarding*) er oftast flokkuð sem sérstakt einkenni sem ekki tengist öðrum formum af áráttu og þráhyggju (Barlow, 2002).

Hægagangur (*primary obsession slowness*) er einkenni sem tengst hefur áráttu- og þráhyggjuröskun en er mjög sjaldgæft. Rachman (1974) var fyrstur til að koma auga á þetta einkenni og skilgreina það. Hægagangur er ástand þar sem fólk hagar sér eins og það sé á hægri hreyfingu. Þeir sem sýna þessa hegðun virðast skipta öllum sínum hegðunum niður í smærri skref, sem þeir svo fara vandlega yfir til þess að fullvissa sig um að ekkert hafi gleymst.

Algengt einkenni hjá fólki með áráttu og þráhyggju er að eiga erfitt með að taka ákvarðanir. Rannsóknir hafa sýnt að fólki finnst það verða að afla sér óhóflega mikilla upplýsinga áður en það getur tekið ákvörðun (Frost og Steketee, 1997). Ástæðan fyrir þessu er talin vera sú að þessir einstaklingar telja sig þurfa að skoða til hlítar allar hliðar máls áður en ákvörðun er tekin (Barlow, 2002).

Algengustu einkenni áráttu og þráhyggju virðast snúa að óhreinindum og mengun. Aðrar algengar þráhugsanir fela í sér hvatir til þess að skaða aðra, kynferðislegar hugsanir, gera eitthvað andstætt eigin siðferði, til dæmis bölvu upphátt í kirkju. Endurteknar efasemdir eru einnig algeng einkenni sem lýsa sér sem áhyggjur til dæmis yfir því að hafa ekki tekið eitthvað úr sambandi áður en farið var að heiman. Flestir þeirra sem eru með áráttu- og þráhyggjuröskun láta þessar hugsanir aldrei verða að veruleika en þær orsaka svo mikla sektarkennd að viðkomandi fyllist kvíða. Það sem meðal annars aðgreinir fólk með áráttu og þráhyggju frá öðrum er að það getur ekki stjórnað hugsunum sínum. Því á það mjög erfitt með að hætta þráhugsunum sínum og því ekki að undra að þær valdi þeim uppnámi. Flestir framkvæma áráttuhegðun til þess að eyða þráhyggju sinni og með því kvíðanum (Nolan-Hoeksema, 2007).

Rannsóknir sýna að mikill samsláttur er á milli árattu og þráhyggju og annarra raskana. Flestar rannsóknir sýna að meira en helmingur fólks sem þjáist af árattu og þráhyggju er að minnsta kosti greint með eina aðra geðröskun á ási eitt í DSM kerfinu (Barlow, 2002). Flestir eru einnig greindir með lyndis- eða kvíðaröskun og þá eru félagsfælni, almenn kvíðaröskun og felmtursröskun algengastar. Tvær aðrar raskanir virðast tengjast árattu og þráhyggju, það eru líkamslýtisröskun (*body dysmorphic disorder, BDD*) og Tourette. Þeir sem þjáist af líkamslýtisröskun eru mjög uppteknir af einum þætti tengdum útliti þeirra, til dæmis þunnt hár eða ljótt nef. Þessar hugsanir eru það brenglaðar að þær teljast nánast til ímyndunar. Fólk með líkamslýtisröskun sýnir endurtekna hegðun eins og að líta í spegil og skoða á sér nefið. Forðun þeirra frá félagslegum aðstæðum svipar mjög til þeirra sem greindir eru með árattu og þráhyggju (Simeon, Hollander, Stein, Cohen og Aronowitz, 1995). Því er ekki að undra að þessar raskanir virðast tengjast þar sem þær deila mikið af sömu einkennum. Hægt er að greina þunglyndi hjá um 80% einstaklinga sem eru með árattu og þráhyggjuröskun. Talið er að þunglyndi komi eftir að áratta og þráhyggja hefur komið fram. Einkenni árattu og þráhyggju breytist yfirleitt með tímanum og fólk getur haft fleiri en eitt einkenni á sama tíma (Barlow, 2002).

Tíðni árattu og þráhyggju

Áratta og þráhyggja byrjar yfirleitt seint á unglingsárum eða snemma á tvítugsaldrinum en það er mjög sjaldgæft að fólk greinist eftir fimmtugt. Áratta og þráhyggja greinist líka hjá börnum og vitað er um dæmi þar sem börn hafa verið greind fyrir fimm ára aldur (Barlow, 2002; Rachman og Hodgson, 1980). Á unglingsárum er áratta og þráhyggja líklegri til þess að byrja fyrr hjá stráku en stelpum. Meðalaldur karla sem greinast með árattu- og þráhyggjuröskun er frá 14 til 19,5 ára en meðalaldur kvenna er 21 til 22 ára. Á barnsaldri og á unglingsárum eru fleiri drengir greindir með árattu og þráhyggju heldur en stúlkur en þegar komið er fram á fullorðinsár eru fleiri konur greindar með árattu- og þráhyggjuröskun (Barlow, 2002). Fólk á aldrinum 18 til 24 ára virðist eiga mest á hættu að þróa með sér árattu- og þráhyggjueinkenni og hjá 65% þeirra koma einkennin fram fyrir 25 ára aldur (Clark, 2004).

Rannsóknir hafa sýnt að áratta og þráhyggja er aðeins algengari hjá evrópskt ættuðum Bandaríkjamönnum heldur en þeim sem ættaðir eru frá Afríku,

niðurstöður sem þó gætu skýrst af villuþætti í greiningu þar sem svartir leita sér síður hjálpar (Karno, Golding, Sorenson og Burnham, 1988). Menning virðist ekki gegna hlutverki í því hverjir þróa með sér árattu og þráhyggju en hún virðist hafa áhrif á það hvaða einkenni koma fram. Tíðni þeirra sem eru með árattu- og þráhyggjuröskun er 1,9 til 2,5%, þannig 1 af hverjum 45 mun einhvern tímann á ævinni þróa með sér árattu og þráhyggju (Barlow, 2002).

Kenningar um árattu og þráhyggju

Samkvæmt kenningum um orsök árattu og þráhyggju þá þurfa bæði líf- og sálfræðilegir veikleikar að koma saman til þess að full geðröskun komi fram. Margar rannsóknir hafa sýnt að áratta og þráhyggja tengjast líffræðilegum þáttum og að í sumum tilfellum þá koma þessi einkenni fram vegna streituvaldandi aðstæðna sem og aðstæðna sem hugsanlega hafa valdið áfalli (Barlow, 2002). Talið er að árattuhegðun komi fram vegna upplifaðs álags og að árattuhegðun sé tilraun til þess að stjórna ófyrirsjáanlegum kvíðavaldandi áreitum í umhverfinu. Einnig hafa rannsóknir sýnt að mikil ábyrgðarkennd sem er örvuð eða ýtt undir í æsku og hörð gildi um það hvernig eigi að haga sér gerir fólk viðkvæmara fyrir árattu- og þráhyggjueinkennum þegar það verður eldra. Talið er að aðstæður í æsku geti ruglað saman hugsun og aðgerð sem verður þá til þess að fólk telur það að hugsa um eitthvað samsvari því að framkvæma hugsunina. Dæmi um slíkt er að fólk telur það vera jafnslæmt að hugsa um að meiða einhvern eins og að láta verða af því. Trú á slíkri töfrahugsun er mjög algeng meðal fólks sem þjáist af árattu og þráhyggju (Rachman, 1993; Shafran, Thordarson og Rachman, 1996). Samkvæmt öðrum kenningum þá er fólk sem hefur alist upp við mjög háar kröfur og/eða mikla gagnrýni frá foreldrum eða öðrum umönnunar aðilum líklegri til þess að þróa með sér fullkomnunarárattu, finna fyrir mikilli sektarkennd og finna fyrir ofurábyrgðarkennd (Salkovskis, 1985). Því virðist vera að þeir sem eru með árattu- og þráhyggjuröskun, sérstaklega þeir sem haldnir eru skoðunarþörf (*checking rituals*), læri að ákveðnar uppþrengjandi hugsanir eru óásættanlegar vegna þess að þær merkja yfirvofandi hættu sem þeir telja vera þeirra sök (Barlow, 2002).

Samkvæmt hugrænum kenningum þróa fólk með sér árattu og þráhyggju að hluta til vegna þess það gerir of mikið úr líkunum á því að eitthvað hættulegt geti átt sér stað og óvissa og tvíræðni er túlkuð sem merki um yfirvofandi hættu. Eins

og rætt var um að ofan þá eiga þeir sem þjást af árattu og þráhyggju erfitt með að taka ákvarðanir, hvort heldur er um að ræða léttvæg málefni eins og að velja sér sjónvarpsefni eða um mikilvæg efni, til að mynda að velja sér starfsgrein. Rannsóknir sýna að þetta geti tengst því að eiga í erfiðleikum með huglæg verkefni eins og flokkun, að skipuleggja eða skipta snögglega milli einnar hugsunar og annarrar. Þegar fólk með árattu og þráhyggju getur ekki hætt að hugsa um eitthvað sem veldur því ama reynir það oft að hugsa um eitthvað algjörlega hlutlaust (Barlow, 2002).

Hugrænar kenningar um árattu og þráhyggju

Til er nokkuð af hugrænum kenningum um árattu og þráhyggju sem byggjast flestar á því að sá sem er með árattu og þráhyggju finnur til of mikillar ábyrgðar gagnvart hinum ýmsu hlutum; sjálfum sér, fjölskyldu sinni, vinnu sinni, svo eitthvað sé nefnt. Ein hugræn kenning lýsir því þannig að fólk með þessi hegðunareinkenni noti neikvæðar leiðir til þess að túlka uppþrengjandi hugsanir, ímyndir eða hvatir. Neikvæð túlkun er nauðsynleg til að einstaklingurinn upplifi álag og fari þar af leiðandi að styðjast við árattuhegðun til að draga úr þessu álagi (Salkovskis, Shafran, Rachman og Freeston, 1999; Salkovskis, 1985, 1996b). Mikið af rannsóknarniðurstöðum styðja þá ályktun að trú fólks um ábyrgð sína gegni stóru hlutverki í því að viðhalda árattuhegðun þess. Einnig kemur fram að fyrirfram tilbúna ályktanir og trú um ábyrgð getur hugsanlega verið grundvöllur túlkana á þráhugsunum og ímyndunum. Ef viðkomandi lendir í því að slys verður sem veldur skaða og hann telur sig hafa borið ábyrgð á því að koma í veg fyrir það getur sá atburður orðið til þess að viðkomandi þróar með sér skoðunarárattu. Annað svipað dæmi er þegar fólk telur þráhugsun og aðgerð vera það sama, það fólk er líklegt til þess að sýna árattuhegðun til að koma í veg fyrir þráhugsanir sínar (Salkovskis o.fl., 1999). Þessi kenning leggur til að hugsanlega sé hægt að koma auga á þætti úr æsku fólks sem geri það móttækilegra fyrir þráhugsun. Eitthvað í forsögu þess veldur því að það túlkar og hugsar um atburði á neikvæðan hátt og telur sig bera persónulega ábyrgð á því ef eitthvað slæmt gerist (Salkovskis o.fl., 1999).

Rannsóknir hafa sýnt að fólk með árattu og þráhyggju finnur ekki til eins mikilla óþæginda þegar það hefur rannsóknaraðila nálægt sér, sem það veit að ber í raun ábyrgð á því sem er að gerast (Rachman, 1976; Salkovskis o.fl.,

1999). Salkovskis (1985) gerði nákvæma hugræna greiningu (*cognitive analysis*) á áráttu og þráhyggju þar sem ofurábyrgðarkennd hafði mikið vægi. Í þessari greiningu var áberandi að mat fólks á uppáþrengjandi hugsunum var uppspretta óþæginda, streitu og áráttuhegðunar. Einnig kom fram að það sem aðgreindi almennar hugsanir frá þráhyggju væru þessi óþægindi og áráttuhegðun sem fylgdi í kjölfarið. Að lokum kom fram að áráttuhegðun komi til vegna þess hvernig viðkomandi túlkar tilkomu og/eða innihald hugsana sem gæfu það til kynna að hann sjálfur væri ábyrgur fyrir óásættanlegum og afstýranlegum skaða gegn sjálfum sér eða öðrum (Salkovskis, 1985; Salkovskis o.fl., 1999).

Salkovskis og félagar (1999) notuðu hugræna kenningu Becks um tilfinningavandamál til þess að skilgreina myndun, þróun og virkni ýktrar trúar um ábyrgð (Beck, 1976). Hugræna kenningin um þróun þráhyggjuröskunar leggur til að vegna fyrri upplifunar þrói fólk með sér sérstakar ályktanir um atburði og hugsanir. Seinna á ævinni leiðir eitthvað ákveðið atvik eða raðir tilviljana til þess að þessar ályktanir verða ríkjandi, sem leiðir þá til mats um ábyrgð á því sem gert er eða ekki gert ef því er að skipta. Þeir atburðir sem valda því að ályktanir um ábyrgð verða ríkjandi eru sagðir vera atburðir sem vekja upp áður hljóðar ályktanir um ábyrgð (*silent assumptions*). Til dæmis þá getur fæðing barns orðið til þess að þráhugsanir um forvarnir verða ríkjandi vegna þess að barnið getur ekki borið ábyrgð á sjálfu sér. (Salkovskis ofl., 1999). Mat á hættu sem myndar kvíða hjá fólki fer eftir skynjaðri hættu og skynjuðum líkum á því að atburður eigi sér stað. Fólk sem telur hugsanlegt að atvik geti leitt af sér hræðilega útkomu, en gerir sér samt grein fyrir fjarstæðu þess, er líklegt til að finna fyrir streitu vegna þess að mat þess á útkomunni er slæmt. Sem sagt almennar ályktanir sem leiða til öfgafulls mats á líkum eru líklegar til að gera fólk móttækilegra fyrir þráhyggju vandamálum (Salkovskis, 1996b). Hugrænar kenningar um áráttu- og þráhyggjuröskun hafa verið studdar af rannsóknum síðustu áratuga. Meðal þess sem hefur komið fram er að fólk sýnir frekar framför þegar þættir ábyrgðar eru felldir inn í hugrænar meðferðir sem aftur styður við kenninguna (Salkovskis o.fl., 1999). Fyrir um áratug síðan kom fram skilgreining á ábyrgð sem einkennir þráhyggju vandamál fólks og hljóðar hún á eftirfarandi hátt:

„Sú trú að maður hafi vald sem er mikilvægt til þess að valda eða koma í veg fyrir neikvæðar afleiðingar. Skynjunin er sú að mikilvægt sé að koma í veg fyrir þessar afleiðingar. Þær geta verið raunverulegar, það er haft raunveruleg áhrif á líf viðkomandi eða annarra, og eða verið af siðferðislegum toga“ (Salkovskis, Rachman, Ladouceur, Freeston, Taylor, Kyrios og Sica, 1996, bls 53-54).

Þessi skilgreining er notuð til þess að koma í veg fyrir misskilning á hugtakinu ábyrgð, sem í vísindalegum skilningi er ekki sá sami og notaður er dags daglega um ábyrgð. Samkvæmt Rachman (1993) getur ofurábyrgðarkennd tekið á sig nokkur form; verið of víðtæk, of mikil, of persónuleg og of þröng, eða þá allt samtímis. Of vítt og óviðeigandi mat á ábyrgð getur leitt til öfgafullrar hegðunar. Dæmi eru um að fólk hafi játað á sig verknað sem ekki er mögulegt að það hafi framið en telur sig samt sem áður hafa borið ábyrgð á (Rachman, Thordarson, Shafran og Woody, 1995). Fólk sem hefur tilhneigingu til ofurábyrgðar getur hugsanlega átt það til að finna fyrir mikilli sektarkennd, ekki aðeins vegna eigin gjörða heldur einnig annarra. Hugmyndir hafa komið fram um að þetta mat á ábyrgð sé það sem viðhaldi og ýti undir hin ýmsu form af árátthegðun (Salkovskis, 1999). Samruni hugsana og gjörða kemur fram hjá sumu fólki með árátth og þráhyggju sem eru í raun hugrænar villur. Einnig eru dæmi um að fólk telji atburði eða atvik sem það hugsar um vera á sinni ábyrgð ef þeir síðan gerast í raunveruleikanum. Dæmi um slíkt er kona sem hugsar um að fjölskyldumeðlimur muni slasast og síðan vill svo óheppilega til að það gerist í raun og veru og þá telur hún sig hafa valdið því og beri ábyrgð á slysinu. Rannsóknir hafa sýnt fram á að með aukinni ábyrgð sem sett var á þátttakendur þá fundu þeir fyrir meiri hvöt til þess að sýna árátthegðun til þess að draga úr streitu sem ábyrgðin olli (Salkovskis ofl., 1999; Shafran, Thordarson og Rachman, 1996).

Samkvæmt hugrænu kenningu Becks um tilfinningavandamál þá er reynsla frá barnæsku og eða unglingsárum mikilvæg í því að mynda viðhorf sem svo seinna meir verða afbrigðileg hjá sumu fólki (Beck, 1976). Salkovskis og félagar (1999) byggja á þessari ályktun og leggja fram tillögur um atvik/reynslu fólks frá því fyrr í lífi þess sem veldur því að það upplifir ofurábyrgðarkennd. Þeir skilgreina fimm orsakaflokka atburða. Í fyrsta lagi telja þeir að aukin ábyrgð hjá

barni í æsku geti haft áhrif á ofurábyrgðarkennd seinna meir. Í þennan flokk lenda þau börn sem hefur verið falið að bera ábyrgð á hlutum sem undir venjulegum kringumstæðum eiga að koma í hlut fullorðinna. Oft fá þessi börn þau skilaboð að þau séu ábyrg fyrir því að koma í veg fyrir neikvæðar afleiðingar. Salkovskis telur að sum börn séu í raun þjálfuð, ef svo má segja, til þess að hafa snemma mjög víða tilfinningu fyrir ábyrgð. Í öðru lagi telja þeir að strangar og þröngar reglur um hegðun geti leitt til afbrigðilegra viðhorfa um reglur og viðmið almennt í lífinu. Börn sem alast upp við slíkar reglur geta þróað með sér þá hugsun að ef þau brjóta þessar reglur geti það valdið refsingu, sektarkennd eða öðrum þáttum sem koma má í veg fyrir með aukinni ábyrgð. Þessar reglur geta komið bæði frá heimili, skóla og svo oft trúarreglum. Í þriðja lagi leggja Salkovskis og félagar (1999) fram að ofverndað og gagnrýnið uppeldi geti leitt til vöntunar á reynslu og upplifun á ábyrgð í æsku. Í þessum tilfellum virðast foreldrar vera frekar kvíðnir og óttaslegnir sjálfir og bera þau skilaboð til barna sinna að hættur leynist alls staðar og því beri að hafa varann á. Slíkir foreldrar treysta börnum sínum ekki til neins sem verður til þess að börnin upplifa aldrei persónulega ábyrgð og seinna verða þau ofurnæm gagnvart ábyrgð. Í fjórða lagi telja þeir að atvik þar sem fólk hefur valdið alvarlegum óhöppum vegna misgjörða sinna geti leitt til aukinnar ábyrgðarkenndar. Mikilvægur þáttur í þessu tilfelli er að fólk telur sig bera mikla ábyrgð á því sem misförst og hafi mistekist að koma í veg fyrir atburðinn. Í fimmta lagi eru það tilfelli þar sem aðstæður eru þannig að svo virðist vera sem hugsanir og/ eða gjörðir geti haft áhrif á alvarlega atburði. Aftur á móti er raunveruleikinn sá að þetta eru tilviljunarkenndir atburðir. Dæmi um þetta er þegar börn eru reið út í foreldra sína og óska þess að þeir væru dánir og síðan vill svo óheppilega til að annað foreldrið fellur frá (Coles og Schofield, 2008; Salkovskis o.fl., 1999).

Salkovskis og félagar (1999) leggja hér fram mjög nákvæmt líkan af þróun ofurábyrgðar hjá fólki með áráttu og þráhyggju þar sem reynsla í barnæsku hefur mikið að gera með veikleika þess gagnvart hugsunum sínum og trú á þessu sviði. Það voru svo Coles og Schofield (2008) sem notuðu þetta líkan og þróuðu mælitæki út frá því. Þetta mælitæki er nú notað til að mæla ofurábyrgðarkennd hjá fólki og nefnist það „kvarði varðandi hugmyndir um ábyrgð“ (*Pathways to Inflated Responsibility Beliefs Scale, PIRBS*).

Hugræna kenningin um árattu og þráhyggju gerir greinarmun á milli ábyrgðarviðhorfa og ábyrgðartúlkunar. Talið er að ábyrgðartúlkun hafi sterkari tengsl við einkenni árattu og þráhyggju og að ábyrgðarviðhorf séu meira tengd þáttum eins og sektarkennd og þunglyndi (Salkovskis, Wroe, Gledhill, Morrison, Forrester, Richards, Reynolds og Thorpe, 2000). Rannsókn sem Salkovskis og félagar (2000) gerðu sýndi að fólk með þráhyggju er líklegra en annað fólk til þess að leggja frekar áherslu á ábyrgð í almennri túlkun sinni og trú á atburðum. Einnig er það líklegra til að túlka uppáþrengjandi hugsanir um hugsanlegan skaða á þann hátt að það teljur sig bera ábyrgð á honum.

Rannsóknir sem nota annars vegar meðferðarúrtök og svo hins vegar almenn úrtök, hafa sýnt að tengsl eru á milli ábyrgðarkenndar og einkenna árattu og þráhyggju (Freeston og Ladouceur, 1993). Einnig hefur hugsun um ábyrgð verið frekar tengd við árattu og þráhyggju frekar en önnur form af geðröskunum (Salkovskis ofl., 2000; Smári, Gylfadóttir og Halldórsdóttir, 2003). Jakob Smári og félagar (2001) sýndu fram á að viðhorf gagnvart ábyrgð hafði áhrif á sambandið á milli uppáþrengjandi hugsana og einkenna árattu og þráhyggju.

Hvatvísi og tengsl við árattu og þráhyggju

Síðustu ár hefur komið fram aukinn áhugi rannsakenda á tengslum hvatvísi við einkenni árattu og þráhyggju. Hvatvísi er persónuleikapáttur sem tengist sterklega hegðunarvandamálum og sálfræðilegum röskunum. Ekki er til ein skilgreining á hvatvísi sem rannsakendur hafa komið sér saman um og eru því margar skilgreiningar í notkun (Magid og Colder, 2007).

Evender (1999) skrifaði grein um hvatvísi þar sem hann skilgreindi hvatvísi eftir því hvort verið var að tala um persónuleikapátt eða sálsýkisheilkenni. Samkvæmt þeirri skilgreiningu þá vísar hvatvísi oft til neikvæðrar hegðunar, það er hegðunar sem sýnir vöntun á hugsun sem oft hefur í för með sér neikvæðar afleiðingar og óviðeigandi hegðun. Þegar sama hegðun leiðir af sér jákvæðar afleiðingar virðist sú hegðun aldrei vera eignuð hvatvísi (Daruna og Barnes, 1993). Evender (1999) segir þrjár megin ástæður fyrir því að hann noti þessa skilgreiningu á hvatvísi. Fyrsta ástæðan er sú að nær allir, bæði sérfræðingar og almenningur, myndu samþykka þessa skilgreiningu; í öðru lagi tekur hún til greina marga þætti hvatvísi sem tengjast hugsanlega innbyrðis. Í þriðja lagi þá

leggur skilgreiningin áherslu á að hegðun sem er tilkomin vegna hvatvísi hugsunar getur bæði haft neikvæðar og jákvæðar afleiðingar og að það sé aðeins sú hegðun sem veldur neikvæðum afleiðingum sem talið er að þurfi inngrip við, annað hvort læknisfræðilegt eða innpgrip lögreglu vegna lögbrota.

Vegna þess hve hugtakið er í raun vítt og skilgreiningar og skilningur á milli fræðimanna ekki einhljóma hafa rannsóknir á tengslum hvatvísi og árattu- og þráhyggjueinkenna sýnt mismunandi niðurstöður. Þetta er talið vera bæði vegna mismunandi skilgreininga og notkunar ólíkra mælitækja (Zermatten og Van der Linden, 2008).

Zermatten og Van der Linden (2008) gerðu rannsókn þar sem þeir vildu skoða betur bein tengsl á milli hvatvísi og árattu- og þráhyggjueinkenna. Þeir notuðu UPPS hvatvísikvarðann sem mælir fjórar hliðar hvatvísi: ákafa, vöntun á forhugsun, æsisækni og vöntun á þrautseigju. Ákafi er skilgreindur sem tilhneiging til þess að upplifa sterkar hvatir, oft í aðstæðum sem hafa neikvæð áhrif; vöntun á forhugsun er það að hugsa ekki um hlutina áður en þeir eru framkvæmdir, það er að segja hugsa ekki um afleiðingar gjörða sinna; æsisækni er skilgreind sem tilhneiging til þess að taka þátt í spennandi atburðum og vera opin fyrir nýrri reynslu þrátt fyrir að hún geti verið hættuleg. Að lokum er vöntun á þrautseigju einfaldlega vanhæfni til að ljúka leiðinlegum eða erfiðum verkefnum. Samkvæmt Zermatten og Van der Linden (2008) þá voru þeir fyrstir til að skoða þessa fjóra þætti í tengslum við árattu- og þráhyggjueinkenni. Niðurstöður þeirra sýndu tengingu á milli allra þessara þátta nema æsisækni. Ákafi var tengdur við flest einkenni árattu og þráhyggju jafnvel þegar þeir stjórnðu fyrir þunglyndi. Niðurstöður þeirra voru í samræmi við aðrar rannsóknir sem sýndu vöntun á hegðunarbælingu hjá fólki með árattu- og þráhyggjuröskun, en þeir gerðu ráð fyrir að hluti ákafa væri meðal annars erfiðleikar við að stjórna ósjálfráðum viðbrögðum. Hegðunarbæling er skilgreind sem erfiðleikar með að hætta hegðun sem þegar er í gangi (Van der Linden, Ceschi, Zermatten, Dunker og Perroud, 2005).

Summerfeldt, Hood, Antony, Richter og Swinson (2004) notuðu annan kvarða í sinni rannsókn og fengu ekki sömu niðurstöður og Zermatten og félagar (2008). Þrátt fyrir að hafa fundið tengingu á milli árattu og þráhyggju og aukinnar hvatvísi þá var það ekki einskorðað við fólk með árattu og þráhyggju heldur

einnig við fólk með aðrar kvíðaraskanir. Þeir vildu leggja áherslu á þá hættu sem fylgir mismunandi túlkun á hugtakinu hvatvísi og einnig því hvernig rannsakendur læsu það sem þeir vildu úr niðurstöðum sínum, samanber mismunandi túlkanir milli rannsakenda. Summerfeldt og félagar (2004) notuðu BIS (*Barratt Impulsiveness Scale*) kvarðann en Zermatten og félagar (2008) notuðu UPPS hvatvísikvarðann og þar gæti munurinn legið í niðurstöðum þessara rannsókna. Hvatvísikvarði Barratts (*BIS*), er 30 atriða spurningakvarði sem mælir hvatvísieiginleika fólks. Kvarðinn metur hvatvísi hugsun, hegðun og myndar þrjá undirkvarða; óskipulögð hvatvísi (dæmi: „Ég segi hluti án þess að hugsa), hreyfihvatvísi (*motor impulsiveness*) og hugræn hvatvísi. Svarað er á 4 punkta Likert kvarða. Því hærrí skor sem fólk fær á kvarðanum því meiri hvatvísi er það talið sýna (Summerfeldt o.fl., 2004). Hins vegar þá hefur UPPS hvatvísikvarðinn fjóra undirkvarða sem mæla ákafa hegðun, vöntun á forhugsun, vöntun á úthaldi og æsisækni. Dæmi um staðhæfingar sem koma fram á UPPS kvarðanum eru; „Áður en ég ákveð eitthvað íhuga ég bæði kosti þess og galla“, sem væri þá dæmi um forhugsun (Zermatten o.fl., 2008). Þrátt fyrir að þessir kvarðar virðast báðir mæla hvatvísi eða ákafa hegðun og hugræna hvatvísi þá er augljóst að þeir eru ekki að mæla sömu hvatvísipættina. Munurinn á niðurstöðum rannsakenda í rannsóknum sínum gæti legið í þeim mun sem prófin eru að meta og þá einnig í tengingu við einkenni árátta og þráhyggju.

Ettelt o.fl. (2007) gerðu rannsókn þar sem þeir notuðu úrtak fólks sem greint var með árátta og þráhyggju en höfðu ekki sögu um hvatvísiröskun. Þeir vildu athuga hvort hvatvísi væri meiri hjá ættingjum þeirra sem voru með árátta og þráhyggju og þar með athuga hvort einkenni hvatvísí væru ættgeng. Það sem rannsókn þeirra leiddi í ljós var að þeir sem voru með árátta og þráhyggju sýndu vissulega aukna hvatvísi en þeir fundu ekkert sem benti til þess að hvatvísi væri algengari á meðal ættingja í fyrsta ættlið né annarra. Þeir drógu þar með í efa að hvatvísi gæti verið áhættuþáttur fyrir árátta- og þráhyggjuröskun. Ettel og félagar (2007) notuðu hvatvísikvarða Barratts til þess að meta hvatvísi rétt eins og Summerfeldt og félagar (2004) gerðu. Að lokum þá sýndi rannsókn Chamberlain, Fineberg, Blackwell, Robbins og Sahakian (2006) fram á aukna hreyfihvatvísi, sem er ein tegund hvatvísí, hjá fólki með árátta- og þráhyggjueinkenni.

Hvatvísi hefur einnig verið skilgreind sem vöntun á bælingu eða hömlun á hegðun eða hugrænni virkni. Notaðar hafa verið svokallaðar stoppmerkja tilraunir til þess að skoða þennan þátt meðal annars hjá börnum með athyglisbrest og ofvirkni, þar sem hvatvísi spilar stórt hlutverk í greiningu. Rannsóknir hafa sýnt að fólk, sem metið er hvatvíst, sýnir erfiðleika í stoppmerkja tilraunum sem bendir til þess að það á í erfiðleikum með að bæla niður hegðun eða aðra virkni. Stoppmerkja tilraunir innihalda tvö verkefni, svokallað „áfram-verkefni“ og „stopp-verkefni“. Annað hvort eiga þátttakendur að greina á milli ákveðinna atriða eða hamla svörun sinni á sama verkefni (Chamberlain o.fl., 2006; Logan, Schachar og Tannock, 1997). Hegðunarbæling hefur oft verið talinn vera algengur persónuleikabáttur hjá fólki með áráttu og þráhyggju en frekari rannsóknir hafa sýnt að þetta á aðallega við um þá sem sýna söfnunaráráttu (Fullana, Mataix-Cols, Caseras, Alonso, Mechón, Vallejo og Torrubia, 2004). Einnig hafa rannsóknir sem nota stoppmerkja aðferðir sýnt að áráttu og þráhyggjuröskun veldur erfiðleikum í hugrænum bælingum. Erfiðleikar við hugræna bælingu er í raun þráhyggjan sjálf (Bannon, Consalvez, Croft og Boyce, 2002).

Tenging á milli áráttu- og þráhyggjueinkenna við ADHD eða athyglisbrest og ofvirkni sem oftast er greind hjá börnum, hefur vakið athygli fræðimanna síðustu árin. Hvatvísi er talin vera einn undirliggjandi þáttur athyglisbrests og ofvirkni sem einkennist af vöntun á bælingu hegðunar og hugrænna þátta sem einnig kemur fram hjá fólki með áráttu og þráhyggju. Rannsóknir hafa sýnt að bæði áráttu og þráhyggja, athyglisbrestur og ofvirkni eru mjög ættgengar raskanir (Geller, Petty, Vivas, Johnson, Pauls og Biederman, 2007). Einnig hafa niðurstöður sýnt að ættingjar fólks með athyglisbrest og ofvirkni sýna aukin einkenni áráttu og þráhyggju. Walitza o.fl. (2008) gerðu rannsókn þar sem kom fram að fólk sem sýndi snemma einkenni áráttu og þráhyggju sýndi frekar einkenni athyglisbrests og ofvirkni heldur en fólk sem sýndi einkennin seinna á ævinni. Aftur á móti sýna aðrar rannsóknir að þessar raskanir eru alveg aðgreindar með aðgreindu arfgengi (Geller o.fl., 2007).

Sumir fræðimenn telja að einn hópur fólks með áráttu og þráhyggju sýni hvatvísi sem er frábrugðin hvatvísi sem fólk án áráttu og þráhyggju sýnir. Þessi hópur fólks hafði sýnt hvatvísa hegðun áður en það þróaði með sér áráttu og þráhyggju. Það benti til þess að öfgakenndar tilraunir þess til að stjórna hvatvísi

sinni gætu í sumum tilfellum hugsanlega leitt til árattu- og þráhyggjuröskunar (Hoehn-Saric og Barksdale, 1983).

Þegar litið er yfir tengsl hvatvísi við árattu- og þráhyggjueinkenni koma vissulega fram ósamhljóma niðurstöður og álit. En eins og fram hefur komið þarf að hafa í huga að bæði eru einkenni árattu og þráhyggju mjög fjölbreytileg og tveir einstaklingar með greiningu þurfa ekki að sýna sama mynstur einkenna. Hvatvísi hefur margar hliðar og því gæti raunin verið sú að hvatvísi hafi aðeins áhrif á sum einkenni árattu og þráhyggju en ekki önnur og það gæti skýrt mismunandi niðurstöður fræðimanna.

Víxlverkunaráhrif ofurábyrgðarkenndar og hvatvísi með tilliti til árattu- og þráhyggjueinkenna

Hlutverk ofurábyrgðarkenndar hefur fengið sterkan hljómgrunn hvað varðar tengsl og áhrif á árattu- og þráhyggjueinkenni. Hvatvísi hefur að hluta til verið tengd við einkennin, þrátt fyrir mismunandi rannsóknarniðurstöður. Hugrænu líkönin um árattu og þráhyggju hafa verið talin takmörkuð að miklu leyti og eiga í sumum tilfellum aðeins við hluta af árattu- og þráhyggjueinkennum (Taylor, Abramowitz, Mckay, Calamari, Sookman og Kyrios, 2006). Jakob Smári og félagar (2008) töldu að hvatvísi hefði áhrif á einkenni árattu og þráhyggju að því leyti sem hún kæmi fram samhliða ofurábyrgðarkennd. Þeir voru með þeim fyrstu til þess að athuga þessa víxlverkun ofurábyrgðarkenndar og hvatvísi í tengslum við áhrif á einkenni árattu og þráhyggju. Í rannsókn sinni notuðu þeir ekki meðferðarúrtak, heldur vildu þau athuga tilgátu sína meðal almennings. Út frá niðurstöðum sínum ályktuðu þeir að bæði ábyrgðarkennd og hvatvísi og víxlverkun þeirra hafi áhrif á einkenni árattu og þráhyggju, að minnsta kosti í almennu úrtaki. Það hefur komið fram að einungis vitund um eigin hvatvísi, hjá fólki sem sýnir mikla ábyrgðarkennd, ýti undir hugsanabælingu og leiði til fleiri einkenna árattu og þráhyggju (Cottraux og Gérard, 1998). Cottraux og félagar (1998) telja að efasemdir fólks um eigin stjórn á hvötum sínum geti í raun mótað ábyrgðarskemu og haft áhrif á skaðleg viðbrögð fólks. Jakob Smári og félagar (2008) lögðu til að hugsanlegt væri að skynjuð hvatvísi gæti tengst árattu og þráhyggju í samverkun við hugræna þætti eins og ofurábyrgðarkennd.

Samkvæmt niðurstöðum rannsókna þá virðist það vera sem samvirkni ofurábyrgðarkenndar og ofvirkni/hvatvísi hafi áhrif á einkenni árattu og þráhyggju. Það gefur til kynna að hvatvísi getur að einhverju leyti verið áberandi í árattu og þráhyggju komi hún saman með ábyrgðarkennd fólks (Smári o.fl., 2008).

Markmið rannsókna og tilgátur

Meginmarkmið þessarar rannsóknar var fyrst og fremst að afla frekari stuðnings við niðurstöður Jakob Smára og félaga (2008) um tengsl samverkunar ofurábyrgðarkenndar og hvatvísi við árattu og þráhyggju. Fyrri rannsóknir hafa notað hvatvísikvarða Barratts til að meta hvatvísi eða AD/HD-SR kvarðann en hér er UPPS hvatvísikvarðinn notaður. Sambandið á milli ofurábyrgðarkenndar og árattu- og þráhyggjueinkenna var kannað með tveimur kvörðum sem meta ábyrgðarkennd, RAS og PIRPS kvörðunum og svo OCI-R kvarðanum sem mælir árattu- og þráhyggjueinkenni. Því næst var sambandið á milli hvatvísi, með notkun UPPS og árattu og þráhyggju einkenna (aftur með OCI-R) kannað. Að lokum voru samverkunaráhrif ofurábyrgðarkenndar og hvatvísi könnuð með tilliti til árattu- og þráhyggjueinkenna.

Tilgátur rannsóknarinnar voru þrjár:

1. Bein tengsl eru á milli ofurábyrgðarkenndar og árattu- og þráhyggjueinkenna í samræmi við hugrænar kenningar og fyrri rannsóknir.
2. Bein tengsl eru á milli hvatvísi og árattu- og þráhyggjueinkenna.
3. Víxlverkun ofurábyrgðarkenndar og hvatvísi hefur áhrif á einkenni árattu og þráhyggju.

Aðferð

Þátttakendur

Þátttakendur í rannsókninni voru nemendur við Háskóla Íslands, 18 ára og eldri. Alls voru þátttakendur 300, konur í meiri hluta, eða 173 og karlar 118. Níu þátttakendur gáfu ekki upp kyn sitt. Tæplega 12% þátttakenda voru á aldrinum 18-20 ára, 41,7% þátttakenda voru á aldrinum 21-23, 16,6% þátttakenda voru á aldrinum 24-25 ára og 27% þátttakenda voru 27 ára og eldri.

Þátttaka í rannsókninni var valfrjáls og öllum var heimilt að hætta á hvaða tímapunkti sem er. Ekki var greitt fyrir þátttöku.

Mælitæki

Áráttu- og þráhyggjuprófið (OCI-R) (Foa, 2002) er próf sem inniheldur 18 atriði og er með sex undirklarðum sem hver hefur þrjú atriði: (1) þvottaárátta, (2) endurskoðun/efi, (3) þráhyggja, (4) hlutleysing, (5) röðun og (6) söfnun. Atriðin eru mæld á fimm punkta kvarða milli 0 = alls ekki til 4 = mjög mikið, eftir því hversu mikið einkennin hafa haft áhrif á þátttakanda undanfarinn mánuð. Prófið var þýtt yfir á íslensku og aftur yfir á ensku af sérfræðingi í þýðingum. Bornir voru saman upphaflegi listinn á ensku við þann sem hafði verið þýddur á íslensku til þess að tryggja að sálmælanlegir eiginleikar væru góðir. Íslenska prófið var lagt fyrir íslenskt úrtak til þess að staðfesta þáttabyggingu prófsins (Smári, Ólason, Eypórsdóttir og Frölunde, 2007). Í þessari rannsókn var áreiðanleiki áráttu- og þráhyggjukvarðans $\alpha = 0,894$.

Ofurábyrgðarkenndarprófið (RAS) (Salkovskis, Wroe, Gledhill, Morrison, Forrester og Richards, 2000). Þetta próf inniheldur 26 atriði til þess að mæla ofurábyrgðarkennd. Atriði prófsins eru metin á 7 stiga skala milli þess að vera 1 = algjörlega sammála til 7 = algjörlega ósammála. Íslensk þýðing var gerð á þessum kvarða og bakþýðing, áreiðanleiki og aðrir sálmælanlegir eiginleikar hafa reynst góðir (Smári og Hólmsteinsson, 2001). Í þessari rannsókn var áreiðanleiki ofurábyrgðarkenndarprófsins $\alpha = 0,91$.

Hvatvísikvarðinn (UPPS) (Whiteside and Lynam, 2001). UPPS kvarðinn var notaður til þess að mæla hvatvísi fólks. Kvarðinn samanstendur af 45 atriðum sem standa fyrir fjórum undirvöldum af hvatvísi, þar á meðal vöntun á forhugsun (*premeditation*) 11 atriði, ákafahegðun (*urgency*) 12 atriði, æsisækni (*sensation seeking*) 12 atriði og úthald (*perseverance*) 10 atriði. Hvert atriði er metið á fjögur stiga kvarða sem spannar frá 1 = mjög sammála til 4 = mjög ósammála. Sálmælanlegir eiginleikar voru góðir í upprunulegu rannsókninni (Magid og Colder, 2007). Ívar Snorrason og Jakob Smári þýddu kvarðann yfir á íslensku. Í þessari rannsókn var áreiðanleiki hvatvísikvarðans $\alpha = 0,864$.

Kvarði varðandi hugmyndir á ábyrgð (PIRBS). Kvarðinn er settur saman af fimm aðal leiðum til þess að þróa með sér ofurábyrgðarkennd: aukin ábyrgð sem barn, strangar og öfgakenndar reglur um hegðun í æsku, ofverndun og

gagnrýnandi foreldrar leiða til minni reynslu barns til ábyrgðar, atvik þar sem gjörðir manns leiddu til alvarlegs slyss og atvik þar sem lítur út fyrir að gjörðir/hugsanir hafa haft áhrif á alvarlegt slys. Kvarðinn inniheldur 23 atriði og eru þau metin á 5 punkta kvarða frá 0 = aldrei til 4 = alltaf. Þátttakendur eru spurðir hvernig aðstæður voru hjá þeim í æsku. Spurningar 16-23 eru að meta síðustu tvær leiðirnar af fimm í því hvernig fólk getur þróað með sér ofurábyrgðarkennd (Coles og Schofield, 2008). Ástdís Þorsteinsdóttir, Lilja Magnúsdóttir og Jakob Smári þýddu listann yfir á íslensku. Sálsmælanlegir eiginleikar voru kannaðir fyrir íslensku listana og komu vel út. Í þessari rannsókn var áreiðanleiki kvarðans $\alpha = 0,767$.

Rannsóknarsnið

Notast var við innanhópa samanburð þar sem fylgibreyta var árattu- og þráhyggjueinkenni og frumbreytur voru ofurábyrgðarkennd og hvatvísi. Stjórnað var fyrir lýðfræðilegum breytum kyni og aldri.

Framkvæmd

Þegar öll tilskilin leyfi voru til staðar voru lagðir fimm spurningalistar fyrir 150 þátttakendur. Við úrvinnslu gagna var aðeins notast við fjóra spurningalista, hætt var við að nota hegðunarmatskvarðann. Listarnir voru lagðir fyrir nemendur í Háskóla Íslands bæði í Sálfræði- og Stjórn málafræðideild. Rannsakendur fengu að koma í kennslustund sem þeir völdu sér og báðu nemendur um að taka þátt og er því um hentugleika úrtak að ræða. Fyrir framan listana sjálfa var fest upplýsingablað sem heitir „Upplýsingabréf til þátttakenda rannsókna“ (sjá viðauka B). Þegar nemendur voru búnir að svara listunum tóku rannsakendur við þeim. Notast var við gögn frá 150 þátttakendum annarrar rannsókna þar sem sömu spurningalistar voru notaðir í gagnasöfnun. Aðeins voru þátttakendur beðnir um að gefa upp aldur og kyn, ekki er því hægt að rekja saman nöfn þátttakenda við svör þeirra á spurningalistum. Þátttakendum var sagt að svör þeirra yrðu notuð við vinnslu BS verkefnis í sálfræði. Þátttakendur gátu hafnað þátttöku eða hætt á hvaða tímapunkti sem er.

Gagnagreining

Tölfræðileg úrvinnsla var gerð í tölfræðiforritinu *SPSS 17,0*. Lýsandi tölfræði og fylgni var reiknuð fyrir allar breytur. Óháð t-próf var notað til þess að athuga hvort munur milli kynja væri marktækur. Til að athuga samvirkni milli breyta var notast við stigveldis aðhvarfsgreiningu þar sem miðað var við marktæktarmörkin $\alpha = 0,05$.

Niðurstöður

Lýsandi tölfræði

Tafla 1 sýnir skiptingu þátttakenda eftir kyni og aldri. Meiri hluti þátttakenda eru konur eða 57,7%, flestir eru í aldurshópnum 21-23 ára eða 41,7% og fæstir eru í aldurshópnum 18-20 ára eða 11,7%.

Tafla 1. Lýðfræðilegar upplýsingar um þátttakendur

	Fjöldi	%
Kyn		
Karlar	118	39,3
Konur	173	57,7
Óuppgafið	9	3
Aldur		
18 - 20 ára	35	11,7
21 - 23 ára	125	41,7
24 - 25 ára	50	16,7
26 ára og eldri	81	27
Óuppgafið	9	3

Tafla 2 sýnir meðaltöl og staðalfrávik fyrir allar mælingar, aðskilið fyrir konur og karla og svo fyrir heild. Karlar fengu marktækt hærra skor á þremur kvörðum og undirkvörðum miðað við konur. Á heildarskorum UPPS fengu þeir marktækt hærri skor, $t = 3,953$, $p < 0,001$, á undirkvarðanum fyrir æsisækni af UPPS

kvarðanum, $t = 6,672$, $p < 0,001$ og á undirklarðanum fyrir úthald af UPPS kvarðanum, $t = 2,271$, $p < 0,05$.

Tafla 2. Meðaltöl og staðalfrávik allra kvarða og undirklarða

	Karlar M (SF)	Konur M (SF)	Allir M (SF)
RASTOTAL	3,73 (0,699)	3,60 (0,84)	3,65 (0,78)
UppsTOTAL	108,24 (12,09)	101,63 (15,14)***	104,27 (14,29)
PremeTOTAL	23,20 (4,67)	22,76 (4,84)	22,94 (4,73)
UrgenTOTAL	27,33 (5,38)	28,26 (6,21)	27,78 (5,92)
SensaTOTAL	37,09 (6,27)	31,16 (8,15)***	33,59 (7,93)
PerseTOTAL	20,63 (4,13)	19,45 (4,46)*	19,96 (4,35)
OCITOTAL	11,78 (9,23)	12,44 (10,18)	12,16 (9,76)
HordingOCI	2,72 (2,47)	2,47 (2,51)	2,59 (2,47)
OrderingOCI	2,32 (2,40)	2,84 (2,78)	2,61 (2,63)
ObsessingOCI	2,31 (2,52)	2,47 (2,58)	2,37 (2,54)
ChekkingOCI	2,14 (2,06)	2,16 (2,38)	2,16 (2,25)
WashingOCI	1,21 (1,83)	1,42 (2,08)	1,33 (1,98)
MentalOCI	1,11 (1,62)	1,10 (2,11)	1,10 (1,91)
PIRPSTOTAL	28,80 (7,80)	28,07 (8,35)	28,22 (8,11)
RRTOTAL	13,30 (3,41)	12,80 (3,57)	12,97 (3,48)
HRTOTAL	4,56 (3,13)	4,83 (3,82)	4,66 (3,54)
AICTOTAL	3,11 (3,69)	3,01 (4,13)	3,01 (3,92)
OPTOTAL	7,84 (2,79)	7,42 (2,93)	7,58 (2,86)

* $p < 0,05$; ** $p < 0,01$; *** $p < 0,001$

M = meðaltal; SF = staðalfrávik; RASTOTAL, heildarskor fyrir Responsibility Attitude Scale (mælir viðhorf á ábyrgð); UPPSTOTAL, heildarskor fyrir hvatvísi; PremeTOTAL, undirklarði fyrir vöntun á forhugsun af UPPS; UrgenTOTAL, undirklarði fyrir ákafa hegðun af UPPS; SenseTOTAL, undirklarði fyrir æsisækni (sensation seeking) af UPPS; PerseTOTAL, undirklarði fyrir úthald af UPPS; OCITOTAL, heildarskor fyrir árættu og þráhyggjuprófið; HordingOCI, undirklarði fyrir söfnunarárættu af OCI kvarðanum; OrderingOCI, undirklarði fyrir röðunarárættu af OCI kvarðanum; ObsessingOCI, undirklarði fyrir þráhyggju af OCI kvarðanum; CheckingOCI, undirklarði fyrir endurskoðun/efi af OCI kvarðanum; WashingOCI, undirklarði fyrir þvottaárættu af OCI kvarðanum; MentalOCI, undirklarði fyrir hlutleysing af OCI kvarðanum; PIRBSTOTAL, heildarskor fyrir ofurábyrgðarkvarðan; RRTOTAL, undirklarði fyrir strangar reglur af PIRBS kvarðanum; HRTOTAL, undirklarði fyrir aukna ábyrgð af PIRBS kvarðanum; AICTOTAL, undirklarði fyrir trú um að hafa valdið eða haft áhrif á einstaka atburði af PIRBS kvarðanum; OPTOTAL, undirklarði fyrir ofverndun foreldra gagnvart börnum sínum af PIRBS kvarðanum.

Tengsl ofurábyrgðarkenndar við áráttu og þráhyggju

Tilgáta 1 var sú að það væru bein tengsl milli ofurábyrgðarkenndar við áráttu og þráhyggju. Pearson fylgni var reiknuð á milli heildarskora allra listanna (sjá töflu 3). Fylgni var marktæk á milli heildarskora RAS og heildarskora PIRBS eins og mátti gera ráð fyrir þar sem báðir listar mæla hversu mikla tilfinningu þátttakendur höfðu fyrir ábyrgð sinni $r = 0,432$, ($p < 0,01$). Marktæk fylgni var á milli heildarskora RAS og heildarskora OCI-R kvarðans $r = 0,379$, ($p < 0,01$). Einnig var marktæk fylgni á milli heildarskora OCI-R kvarðans og PIRBS kvarðans $r = 0,392$, ($p < 0,01$). Heildarskor RAS hafði marktæka fylgni við alla undirkvarða OCI-R kvarðans $r = 0,195$ til $0,320$, ($p < 0,01$) og PIRBS kvarðans $r = 0,172$ til $0,289$ ($p < 0,01$). Marktæk fylgni var á milli OCI-R heildarskora og allra undirkvarða PIRBS $r = 0,152$ til $0,374$, ($p < 0,01$). Heildarskor PIRBS hafði marktæka fylgni við alla undirflokk OCI-R $r = 0,225$ til $0,392$, ($p < 0,01$). Þessi fylgnireikningar benda til þess að sterk fylgni er á milli ofurábyrgðarkenndar og áráttu- og þráhyggjueinkenna og er það í samræmi við fyrri rannsóknir.

Tafla 3. Pearson fylgni milli RAS, OCI, PIRPS og UPPS heildarskora

	OCITOTAL	PIRPSTOTAL	UppsTOTAL
RASTOTAL	,379**	,432**	0,108
OCITOTAL		,392**	0,049
PIRPSTOTAL			0,111

** $p < 0,01$

RASTOTAL, heildarskor fyrir Responsibility Attitude Scale (mælir viðhorf á ábyrgð); OCITOTAL, heildarskor fyrir áráttu og þráhyggjuþrófið; PIRPSTOTAL, heildarskor fyrir ofurábyrgðarkvarðan; UPPSTOTAL, heildarskor fyrir hvatvísi.

Tengsl hvatvísi við áráttu og þráhyggju

Tilgáta 2 var sú að það væru bein tengsl á milli hvatvísi við áráttu og þráhyggju. Heildarskor UPPS hafði aðeins fylgni við tvo undirkvarða OCI-R, söfnunaráráttu $r = 0,176$, ($p < 0,01$) og þráhyggju $r = 0,148$, ($p < 0,05$) sem sýnir að hvatvísi hefur einhver tengsl við sum einkenni áráttu og þráhyggju. Heildarskor OCI-R kvarðans hafði aðeins marktæka fylgni við tvo undirkvarða UPPS kvarðans, vöntun á forhugsun $r = -0,151$, ($p < 0,01$) og ákafahegðun (*urgency*) $r = 0,294$, ($p < 0,01$). Þetta bendir til þess að um tengsl er að ræða á milli hvatvísi og áráttu

og þráhyggju. Ekki kom marktæk fylgni á milli UPPS heildarskora og annarra heildarskora.

Samverkun ofurábyrgðarkenndar og hvatvísi í tengslum við árattu og þráhyggju

Tilgáta 3 var sú að samverkun hvatvísi og ofurábyrgðarkenndar tengist árattu- og þráhyggjueinkennum. RAS heildarskor hafði aðeins marktæka fylgni við tvo undirkvarða UPPS, vöntun á forhugsun $r = -0,2$ ($p < 0,01$) og ákafa hegðun $r = 0,29$, ($p < 0,01$). Einnig hafði heildarskor UPPS marktæka fylgni við tvo undirkvarða PIRPS listans, annars vegar við undirkvarðann sem mælir trú þátttakenda um að hafa valdið eða haft áhrif á einstaka atvik $r = 0,16$, ($p < 0,01$) og hins vegar við undirkvarðann um ofverndun foreldra gagnvart börnum sínum $r = 0,179$, ($p < 0,01$). Marktæk fylgni var á milli heildarskora PIRBS og undirkvarða UPPS, ákafahegðun $r = 0,159$, ($p < 0,01$).

Gerð var stigveldis aðhvarfsgreining til þess að prófa þriðju tilgátuna hvort samverkun ofurábyrgðarkenndar og hvatvísi tengist árattu og þráhyggju, bæði beint og í tengslum við hvort annað. Í hverri aðhvarfsgreiningu þá var aldur og kyn sett inn í jöfnuna fyrst, eftir það var sett inn RAS heildarskor og undirkvarði á UPPS, ákafahegðun. Breyta var búin til fyrir sameiningu hvatvísi hegðunar og heildarskora RAS sem sett var síðast inn í jöfnuna. Áður en þessar breytur voru settar inn í aðhvarfsgreininguna þá voru þær miðjaðar (*mean centered*).

Tafla 4 sýnir stigveldis aðhvarfsgreiningu af beinum tengslum og samverkun heildarskora RAS og undirflokk UPPS hvatvísi með heildarskor OCI-R sem fylgibreytu. Bein tengsl eru marktæk, það er, bein tengsl ofurábyrgðarkenndar og hvatvísi eru að hafa áhrif á einkenni árattu og þráhyggju. En ekki fékkst marktæk niðurstaða út úr samverkun ofurábyrgðarkenndar og hvatvísi á árattu og þráhyggju. Því er ekki hægt að segja að saman hafi ofurábyrgðarkennd og hvatvísi áhrif á árattu og þráhyggju út frá þessum niðurstöðum. Ákveðið var því að reikna út aðhvarfsgreiningu fyrir alla undirflokk OCI-R sem fylgibreytu til þess að sjá hvort aðrar niðurstöður myndi fást við einstaka einkenni.

Tafla 4. Stigveldis aðhvarfsgreining með heildarskor OCI sem fylgibreytu

		B	SE	Beta	R ²
1					
	Kyn	,641	1,173	,032	
	Aldur	-,023	,566	-,002	
2					
	rasmean	4,15 ***	,700	,334	0,19***
	urgmean	0,32***	,094	,195	0,19***
3					
	urg*ras	,112	,103	,059	,193

*** $p < 0,001$

Rasmean, heildarskor mælinga á viðhorfi um ábyrgð, miðjað; Urgmean, undirvarði UPPS um hvatvísa hegðun, miðjað.

Tafla 5 sýnir stigveldis aðhvarfsgreiningu þar sem undirvarði OCI-R þráhyggja var sett sem fylgibreyta, eins og sést þá eru bein tengsl hvatvísi og ofurábyrgðarkenndar marktæk en samverkun hvatvísi og ofurábyrgðarkenndar fékkst ekki marktækt en ekki munaði miklu, því p -gildið var 0,12.

Tafla 5. Stigveldis Aðhvarfsgreining með undirvarða OCI, þráhyggja sem fylgibreyta

		B	SE	Beta	R ²
1					
	Kyn	,158	,306	,031	
	Aldur	,087	,148	,035	
2					
	Rasmean	0,76***	,182	,233	0,197***
	Urgmean	0,13***	,024	,311	0,197***
3					
	urg*ras	,042	,027	,085	0,204***

*** $p < 0,001$

Rasmean, heildarskor mælinga á viðhorfi um ábyrgð, miðjað; Urgmean, undirvarði UPPS um hvatvísa hegðun, miðjað.

Umræða

Tilgátur rannsóknarinnar voru þrjár. Fyrsta tilgátan var að bein tengsl væru á milli ofurábyrgðarkenndar og árátta- og þráhyggjueinkenna. Sú tilgáta var studd, ofurábyrgðarkennd tengist árátta- og þráhyggjueinkennum. Þetta er í samræmi við fyrri rannsóknir (Snorrason o.fl., í prentun) og hugrænar kenningar um árátta og þráhyggju sem hafa verið ríkjandi lengi. Samkvæmt hugrænum kenningum er ofurábyrgðarkennd talin vera lykilþáttur í því að viðhalda áráttahegðun eins og endurteknum athugunum. Hugrænar kenningar um árátta og þráhyggju hafa lengi fengið vísindalegan stuðning og hefur endurtekið verið sýnt fram á að ábyrgðarkennd hefur mikil áhrif á þráhyggju. Túlkanir fólks á hugsun sinni er það sem skiptir mestu máli í þessu samhengi og virðist neikvæð túlkun vera einkennandi fyrir fólk sem sýnir einkenni árátta og þráhyggju (Salkovskis, Shafran, Rachman og Freeston, 1999; Salkovskis, 1985, 1996b). Fyrirfram höfðu höfundar haldið að konur fengju marktækt hærri skor á öllum ábyrgðarkvörðum. Enginn marktækur munur kom þó fram á þessum kvörðum og kom það höfundum mjög á óvart.

Tilgáta tvö var sú að tengsl væri á milli hvatvísi og árátta- og þráhyggjueinkenna. Tilgátan var studd að hluta til, aðeins kom fram fylgni á milli heildarskora hvatvísikvarðans og tveggja undirkvarða árátta- og þráhyggjuþrófsins. Fylgni kom fram við söfnunarárátta og þráhyggju. Karlar fengu marktækt hærri skor á heildarskorum hvatvísikvarðans sem og tveimur undirkvörðum hans, æsisækni og úthaldi. Bein tengsl komu fram á milli þráhyggju við undirkvarða hvatvísi sem mældi hvatvísa hegðun. Einnig komu fram bein tengsl á milli heildaskora árátta- og þráhyggjukvarðans og undirkvarða hvatvísi sem mældi hvatvísa hegðun. Eins og fyrri rannsóknir hafa sýnt þá er hvatvísi hugtakið svo vítt að erfitt hefur verið að sýna fram á bein tengsl á milli allra þátta hvatvísi og árátta og þráhyggju. Þessar niðurstöður eru því í anda annarra rannsókna þar sem aðeins sumir þættir hvatvísi tengjast árátta- og þráhyggjueinkennum og aðrir ekki (Magid og Colder, 2007). Einnig eru einkenni árátta og þráhyggju svo fjölbreytt og einkenna mynstur fólks er mjög breytilegt og kom því ekki á óvart að hvatvísi útskýrði aðeins sum einkenni þess (Barlow, 2002). Heildarskor hvatvísikvarðans hafði bein tengsl við tvo undirkvarða árátta- og þráhyggjukvarðans, söfnunarárátta og þráhyggju. Söfnunarárátta hefur

yfirleitt verið flokkuð sem sérstakt einkenni árattu og þráhyggju (Barlow, 2002). Áhugavert væri að skoða hvort hvatvísi gegni meira hlutverki í því einkenni hjá fólki með árattu og þráhyggju þar sem tengsl komu fram á milli þessara þátta. Í þessari rannsókn var UPPS hvatvísikvarðinn notaður og hefur hann áður sýnt tengsl við einkenni árattu og þráhyggju eins og kom fram hér. Aðrar rannsóknir hafa oftast notað BIS hvatvísikvarða til að mæla hvatvísi og þá hefur tenging við einkenni árattu og þráhyggju komið fram en samt jafnmikið og hjá öðru fólki með aðrar kvíðaraskanir (Zermatten o.fl., 2008). Smári og félagar (2008) sýndu fram á að hvatvísi sem mæld var með IVE-IMP kvarðanum spáði óháð öðru fyrir um einkenni árattu og þráhyggju.

Þriðja tilgátan var sú að tengsl væru á milli samvirkni ofurábyrgðarkenndar og hvatvísi með tilliti árattu- og þráhyggjueinkenna. Þessi tilgáta var ekki studd. Ekki komu fram marktækar niðurstöður þegar samvirkni var reiknuð í tengslum við einkenni árattu og þráhyggju og því ekkert hægt að álykta út frá þeim niðurstöðum. Samvirkni var skoðuð í tengslum við undirpróf sem mældi þráhyggju og voru niðurstöður þá ekki langt frá því að vera marktækar. Álykta höfundar sem svo að aukinn fjöldi þátttakenda hefði ef til vill orðið til þess að marktækar niðurstöður hefðu fengist á þessum þætti. Samkvæmt niðurstöðum virðist það vera að þráhyggja tengist að einhverju leyti betur við samvirkni ofurábyrgðarkenndar og hvatvísi heldur en önnur einkenni árattu og þráhyggju. Erfitt væri að staðhæfa að þessi áhrif samvirkni séu ekki til staðar almennt því aðrar rannsóknir hafa sýnt fram á þessi áhrif. Smári og félagar (2008) sýndu fram á áhrif þessara samverkunar á árattu- og þráhyggjueinkenni í rannsókn sinni sem þeir gerðu með almennt úrtak. Í þessari rannsókn voru önnur próf notuð og því hugsanlegt að munurinn liggi þar.

Þessi rannsókn notaði úrtak sem samanstóð af 300 nemendum en ekki meðferðarúrtak sem að takmarkar alhæfingargildi þessara niðurstaðna. Hins vegar þá voru þær niðurstöður sem komu fram í samræmi við niðurstöður annarra rannsókna. Ekki voru gerðar neinar beinar mælingar af hálfu höfunda á þátttakendur heldur svöruðu þeir allir listunum sjálfir. Nær undantekningarlaust geta slík gögn innihaldið sjálfsmatsskekkjur sem erfitt er að stjórna fyrir en á móti því kemur að áreiðanleiki listanna var hár í þessu tilfalli. Aðrar rannsóknir, sem sýnt hafa skýrari niðurstöður á þessari samvirkni ofurábyrgðarkenndar og

hvatvísi við árátta- og þráhyggjueinkenni, hafa notað svipaða lista í sambland við beinar mælingar og virðist vera betra að nota einnig þessar beinu mælingar. Einnig væri gott að nota meðferðarúrtök og svo samanburðarhóp af almennu úrtaki til þess að geta alhæft betur út frá rannsóknarniðurstöðum. Þessi rannsókn var framkvæmd með íslensku úrtaki og því nauðsynlegt fyrir frekari rannsóknir að skoða menningarmun á réttmæti í prófunum sem notuð voru. Veikleiki rannsóknarinnar gæti verið sá að aðeins var stjórnað fyrir aldur og kyni þátttakenda en ekki öðrum þáttum eins og kvíða og þunglyndi líkt og aðrar rannsóknir hafa gert (Snorrason o.fl., í prentun). Snorrason og félagar gerðu svipaða rannsókn þar sem þeir stjórnðu fyrir þessum þáttum og fengu þá fram samvirkni áhrif ofurábyrgðakenndar og hvatvísi með tilliti til árátta og þráhyggju. Úrtak þeirra var úr sama þýði en önnur hvatvísipróf voru notuð.

Þegar á heildina er litið þá eru niðurstöður þessarar rannsóknar að mestu leyti í samræmi við aðrar niðurstöður rannsókna á þessu sviði. Ekki kom þó fram samvirkni sem leitað var eftir en einn þáttur þó ekki langt þar frá. Frekari rannsóknir ættu að snúa að því að finna hvaða þættir hvatvísi í samvirkni við ofurábyrgðarkennd hefði áhrif á einkenni árátta og þráhyggju og þar af leiðandi finna út hvaða próf eru best fyrir þær mælingar.

Heimildir

American Psychiatric Association (2000). *Diagnostic and statistical manual of mental disorders text-revision* (4.útgáfa). Washington, DC: American Psychiatric Association.

Bannon, S., Gonsalvez, C. J., Croft, R. J. og Boyce, P. M. (2002). Response inhibition deficits in obsessive-compulsive disorder. *Psychiatry Research*, 110, 165-174.

Barlow, D. H. (2002). *Anxiety and its disorders: the nature and treatment of anxiety and panic*. New York: Guilford Press.

Chamberlain, S. R., Fineberg, N. A., Blackwell, A. D., Robbins, T. W. og Sahakian, B. J. (2006). Motor inhibition and cognitive flexibility in obsessive-compulsive disorder and trichotillomania. *American Journal of Psychiatry*, 163, 1282-1284.

Clark, A. D. (2004). *Cognitive-behavioral therapy for OCD* (bls. 3-47). New York: Guilford Press.

Coles, M. E. og Schofield, C. A. (2008). Assessing the development of inflated responsibility beliefs: The pathways to inflated responsibility beliefs scale. *Behavior Therapy*, 39, 322-335.

Cottraux, J. og Gérard, D. (1998). Neuroimaging and neuroanatomical issues in obsessive-compulsive disorder: Toward an integrative model-perceived impulsivity. In Swinson, R. P., Antony, M. A., Rachman, S. og Richter, M. A. *Obsessive-compulsive disorder: Theory research and treatment*, 54-184. New York: Guilford Press.

Daruna, J. H. og Barnes, P. A. (1993). A neurodevelopmental view of impulsivity. *The Impulsive client: theory, research and treatment*. American Psychological Association. Washington DC.

- Ettelt, S., Ruhrmann, S., Barnow, S., Buthz, F., Hochrein, A., Meyer, K. o.fl. (2006). Impulsiveness in obsessive-compulsive disorder: results from a family study. *Acta Psychiatrica Scandinavica*, 115, 41-47.
- Evender, J. (1999). Impulsivity: a discussion of clinical and experimental findings. *Journal of Psychopharmacology*, 13, 180-192.
- Foa, E. B. og Kozak, M. J. (1995). DSM-IV field trial: Obsessive-compulsive disorder. *American Journal of Psychiatry*, 152, 90-96.
- Fullana, M. A., Mataix-Cols, D., Caseras, X., Alonso, P., Menchón, J. M., Vallejo, J. og Torrubia, R. (2004). High sensitivity to punishment and low impulsivity in obsessive-compulsive patients with hoarding symptoms. *Psychiatry Research*, 129, 21-27.
- Freeston, M. H. og Ladouceur, R. (1993). Appraisal of cognitive intrusions and response style: Replication and extension. *Behaviour Research and Therapy*, 31, 185-191.
- Frost, R. O. og Steketee, G. (1997). Perfectionism in obsessive-compulsive disorder patients. *Behaviour Research and Therapy*, 4, 291-296.
- Geller, D., Petty, C., Vivas, F., Johnson, J., Pauls, D. og Biederman, J. (2007). Examining the relationship between obsessive-compulsive disorder and attention-deficit/hyperactivity disorder in children and adolescents: A familial risk analysis. *Biological Psychiatry*, 61, 316-321.
- Hoehn-Saric, R. og Barksdale, V. C. (1983). Impulsiveness in obsessive-compulsive patients. *British Journal of Psychiatry*, 143, 177-182.
- Karno, M., Golding, J. M., Sorenson, S. B. og Burnham, A. (1988). The epidemiology of obsessive-compulsive disorder in five US communities. *Archives of General Psychiatry*, 45, 1094-1099.
- Leckman, J. F., Grice, D. E., Boardman, J., Zhang, H., Vitale, A., Bondi, C. o.fl. (1997). Symptoms of obsessive compulsive disorder. *American Journal of Psychiatry*, 154, 911-917.

- Logan, G. D., Schachar, R. J. og Tannock, R. (1997). Impulsivity and inhibitory control. *Psychological Science*, 8, 60-64.
- Nolen-Hoeksema, S. (2007). *Abnormal Psychology* (4 útgáfa). New York: McGraw Hill.
- Magid, V. og Colder, C. R. (2007). The UPPS impulsive behavior scale: Factor structure and associations with college drinking. *Personality and Individual Differences*, 43, 1927-1937.
- Rachman, S. (1974). Primary obsessional slowness. *Behaviour Research and Therapy*, 12, 9-18.
- Rachman, S. og Hodgson, R. (1980). *Obsessions and compulsions*. Englewood Cliffs, NJ: Prentice-Hall.
- Rachman, S. (1993). Obsessions, responsibility, and guilt. *Behaviour Research and Therapy*, 31, 149-154.
- Rachman, S., Thordarson, D., Shafran, R. og Woody, S. (1995). Perceived Responsibility: structure and significance. *Behaviour Research and Therapy*, 33, 779-784.
- Salkovskis, P. M. (1985). Obsessional-compulsive Problems: A cognitive-behavioural analysis. *Behaviour Research and Therapy*, 23, 571-583.
- Salkovskis, P. M. (1996a). *Current Controversies in the anxiety disorders*. New York: The Guilford press.
- Salkovskis, P., Rachman, S., Ladouceur, R., Freeston, M., Taylor, S., Kyrios, M. og Sica, C. (1996b). Defining responsibility in obsessional problems. *In OC Beliefs Working Group*. Northampton: Smith College.
- Salkovskis, P., Shafran, R., Rachman, S. og Freeston, M. H. (1999). Multiple pathways to inflated responsibility beliefs on obsessional problems: possible origins and implications for therapy and research. *Behaviour Research and Therapy*, 37, 1055-1072.

- Salkovskis, P. M., Wroe, A. L., Gledhill, A., Morrison, N., Forrester, E., Richards, C., Reynolds, M. og Thorpe, S. (2000). Responsibility attitudes and interpretations are characteristic of obsessive compulsive disorder. *Behaviour Research and Therapy*, *38*, 347-372.
- Shafran, R., Thordarson, D. og Rachman, S. (1996). Thought-Action Fusion in Obsessive-Compulsive Disorder. *Journal of Anxiety Disorders*, *10*, 379-392.
- Simeon, D., Hollander, E., Stein, D. J., Cohen, L. og Aronowitz, b. (1995). Body dysmorphic disorder in the DSM-IV field trial for obsessive-compulsive disorder. *American Journal of Psychiatry*, *152*, 1207-1209.
- Summerfeldt, L. J., Hood, K., Martin, Antony, M. M., Richter, M. A. og Swinson, R. P. (2004). Impulsivity in obsessive-compulsive disorder: comparisons with other anxiety disorders and within tic-related subgroups. *Personality and Individual Differences*, *36*, 539-553.
- Smári, J., Bouranel, G. og Eiðsdóttir, S. Þ. (2008). Responsibility and impulsivity and their interaction in relation to obsessive-compulsive symptoms. *Journal of Behavior Therapy and Experimental Psychiatry*, *39*, 228-233.
- Smári, J., Gylfadóttir, T. og Halldórsdóttir, G. L. (2003). Responsibility attitudes and different types of obsessive-compulsive symptoms in a student population. *Behavioural and Cognitive Psychotherapy*, *31*, 45-51.
- Smári, J., og Hólmsteinsson, H. (2001). Intrusive thoughts, responsibility attitudes, thought-action fusion and chronic thought suppression in relation to obsessivecompulsive symptoms. *Behavioural and Cognitive Psychotherapy*, *29*, 13-20.
- Smári, J., Ólason, D.T., Eypórsdóttir, A., og Frölunde, M.B. (2007). Psychometric properties of the obsessive compulsive inventory-revised among Icelandic college students. *Scandinavian Journal of Psychology*, *48*, 127-133.

- Snorrason, Í., Smári, J. og Ólafsson, R. P. (í prentun). The interaction effect of impulsivity and responsibility in relation to obsessive-compulsive symptoms. *Cognitive Therapy and Research*.
- Taylor, S., Abramowitz, J. S., McKay, D., Calamari, J. E., Sookman, D. og Kyrios, M. (2006). Do dysfunctional beliefs play a role in all types of obsessive-compulsive disorder? *Journal of Anxiety Disorders*, 20, 85-97.
- Van der Linden, M., Ceschi, G., Zermatten, A., Dunker, D. og Perroud, A. (2005). Investigation of response inhibition in obsessive-compulsive disorder using the Hayling task. *Journal of the International Neuropsychological Society*, 11, 776-783.
- Walitza, S., Zellmann, H., Irblich, B., Lange, K. W., Tucha, O., Hemminger, U., Wucherer, K., Rost, V., Wewetzer, C. og Warnke, A. (2008). Children and adolescents with obsessive-compulsive and comorbid attention-deficit/hyperactivity disorder: preliminary results of prospective follow-up study. *Journal of Neural Transmission*, 115, 187-190.
- Zermatten, A. og Van der Linden, M. (2008). Impulsivity in non-clinical persons with obsessive-compulsive symptoms. *Personality and Individual Differences*, 44, 1824-1830.

Viðauki A

Greiningarviðmið áráttu og þráhyggju samkvæmt DSM-IV-TR

- Viðkomandi verður að sýna annað hvort áráttu- eða þráhyggjueinkenni, sem honum finnst vera óhófleg eða óviðeigandi á einhverjum tímapunkti.

Þráhyggja er skilgreind sem:

1. Endurteknar viðvarandi hugsanir, hvatir eða ímyndir sem fólk skynjar sem þröngvandi og óviðeigandi og valda kvíða eða uppnámi.
2. Hugsanir, hvatir eða ímyndir sem valda óhóflegum áhyggjum um vandamál sem gerast daglega.
3. Hugsanir, hvatir eða ímyndir sem viðkomandi reynir að hunsa og bæla með því að hugsa um eitthvað annað eða gera eitthvað annað.
4. Viðkomandi gerir sér grein fyrir því að þessar þráhugsanir eru þeirra og ekki settar inn af öðrum.

Árátta er skilgreind sem:

1. Endurtekin hegðun (eins og að þvo sér um hendurnar, raða eða skoða) eða huglægar aðgerðir (eins og að biðja, telja, endurtaka orð í hljóði) sem viðkomandi finnst hann verða að gera til þess að eiga við þráhyggju einkenni sín eða samkvæmt reglum sem fylgt er strangt eftir.
 2. Hegðun eða huglægar aðgerðir eiga að vera til þess að minnka eða koma í veg fyrir uppnám eða að koma í veg fyrir atburð eða aðstæður sem valda óþægindum. Þessi hegðun er samt annað hvort ekki tengd á raunhæfan hátt við það sem þær eiga að sporna við eða er óhófleg.
- Áráttu- og þráhyggjueinkenni verða að valda uppnámi eða kvíða, verða taka meira en klukkutíma á dag eða trufla verulega venjulegar athafnir, eins og vinnu, samskipti við aðra eða félagslega hegðun.
 - Ef viðkomandi er með aðra röskun á ás I þá má hún ekki tengjast áráttu- eða þráhyggjueinkennum.
 - Árátta og þráhyggja má ekki koma fram vegna efna (lyfja eða eiturlyfja) eða af læknisfræðilegum ástæðum.

Tekið frá greiningarviðmiði DSM-IV



Viðauki B

Upplýsingabréf til þátttakenda rannsóknarinnar

Nafn rannsóknar: Sálsmælingaleg athugun á kvarða varðandi hugmyndir um ábyrgð (Inflated Responsibility Beliefs Scale).

Við rannsakendur förum þess hér með á leit við þig að þú takir þátt í rannsókn á kvíða, þunglyndi, árátta-práhyggju og fleiri tilfinninga og hegðunarvandamálum sem fólk á oft við að stríða.

Þér er vitanlega frjálst að hafna þátttöku eða hætta henni hvenær sem er. Við lítum hins vegar svo á að ef þú skilar svarblöðunum sem eru hér fyrir aftan í heftinu jafngildi það leyfi til rannsakenda til þess að vinna úr gögnunum. Ef þú velur að taka þátt í rannsókninni er þér vitanlega heimilt að sleppa því að svara spurningum ef þú kýst en það gæti samt rýrt gildi rannsóknarinnar. Farið verður með öll rannsóknargögn samkvæmt ströngum reglum sem gilda í landinu varðandi vísindarannsóknir, gögnin verða öll ópersónugreinanleg og þeim verður öllum eytt að lokinni úrvinnslu.

Rannsóknin er hluti af B.S. verkefni Ólafar Eddu Guðjónsdóttur og Vöku Önnudóttur sem þær vinna undir leiðsögn Jakobs Smára prófessors við Sálfræðideild Háskóla Íslands. Þátttakendur eru nemendur við Háskóla Íslands. Þátttakan felst í að svara spurningalistum og tekur þátttakan um 20-30 mínútur. Rannsóknin er unnin með samþykki Vísindasiðanefndar og tilkynning hefur verið send til Persónuverndar.

Ef þú óskar þess að ræða við óháðan fagaðila í kjölfar þess að þú tekur þátt í rannsókninni hefur Dr. Hörður Þorgilsson sálfræðingur á Landspítala samþykkt að veita þá þjónustu.

Netfang hans er hordurth@landspitali.is.

Ábyrgðarmaður er Jakob Smári, prófessor við Sálfræðideild, HÍ. Sími: 525-4272, netfang: jakobsm@hi.is.

Ef þú hefur spurningar um rétt þinn sem þátttakandi í vísindarannsókn getur þú snúið þér til Vísindasiðanefndar, Vegmúla 3, 108 Reykjavík. Sími: 551-7100, fax: 551-1444, tölvupóstfang: visindasiðanefnd@vsn.stjr.is.

Kær kveðja,

með von um góðar undirtektir,

Dr. Jakob Smári, ábyrgðarmaður rannsóknarinnar

